

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



16.09.2019

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 46. mál á 150. löggjafarþingi**

*Tillaga til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa um allnokkurt skeið beitt sér fyrir því að ofangreind bókun við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði fullgilt af hálfu Íslands. Er því sérstaklega ánægjulegt að fram sé komin þingsályktunartillaga þar að lútandi. Með vísan til þess yfirlýsta markmiðs íslenskra stjórnvalda að tryggja að allir njóti fullra mannréttinda hlýtur tillaga sem þessi að vera til þess fallin að um hana geti náðst víðtæk samstaða.

Helstu áhrif fullgildingar þeirrar valfrjálsu bókunar sem hér um ræðir yrðu þau að gera efnahags-, félags- og menningarréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna kleift að taka við kvörtunum einstaklinga á Íslandi yfir því að brotið sé gegn slíkum réttindum þeirra. Ýmis mikilvæg réttindi falla þar undir, meðal annars rétturinn til viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða. Til þess að tryggja slík réttindi er nauðsynlegt að einstaklingum á Íslandi sem telja að brotið sé gegn þeim, verði gert kleift að beina málum sínum til þar til bærrar nefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hagsmunasamtök heimilanna styðja ofangreinda tillögu og hvetja til þess að hún verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is